

Fundargerð skólaráðs 1. fundur vetrar, 14.9.2022

Mættir: Ásdís, Bára, Ragna, Ingibjörg, Katrín Rós, Sigga Lára, Sigríður V., Sigurbjörg, Stefanía, Mattías og Eyrún ritar fundargerð.

1. Farið yfir hlutverk skólaráðs og starfsáætlun.
2. Starfsáætlun Skýjaborgar 2022-2023 lögð fram til samþykktar. *Samþykkt samhljóða.*
3. Starfsáætlun Heiðarskóla 2022-2023 lögð fram til samþykktar. *Samþykkt samhljóða, með einni villu.*
4. Ársskýrsla Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2021-2022. *Lögð fram til kynningar.*
5. Framkvæmd umbóta við Skýjaborg. *Lagt fram til kynningar.*
6. Fjárhagsáætlun 2023 – Hugmyndir:
 - a. Lagfæring á leiktækjum í leikskólanum. Klifurgrind ónýtt, rólur orðnar gamlar.
 - b. Vatnsvél í nemendarymi ásamt klakavél.
 - c. Vatnsvél fyrir starfsfólk Skýjaborgar.
 - d. Nýtt píanó / flygil á hjólum í Heiðarskóla. Einnig kom hugmynd upp að virkja samfélagið. Skólastjóri Heiðarskóla ætlar að fylgja þessu eftir og stofna starfsfóp í framhaldi ef hlutir þróast í þessa átt.
 - e. Betri aðstöðu fyrir hljóðkerfið í salnum, eitthvað sem hægt er að læsa. Ath. þetta er byrjað.
 - f. Nemendur ætla að taka þetta fyrir á næsta nemendafélagsfundi.
 - g. Rólur sem börn geta sest í sjálf Dropamegin á lóð Skýjaborgar.
 - h. Starfsmannastólar í Skýjaborg.
 - i. Þörf á að lagfæra fótboltavöllinn, jarðvegur ójafn. Vantar meiri hita undir, snjór hefur ekki bráðnað en á að vera komið í lag eftir að ný heitavatnslögn var lögð á svæðið.
 - j. Hurð á leikskúr í Skýjaborg. Pumpa biluð. Vantar alvöru hurð, þessi hurð er mikið pjátur.
 - k. Fyrirspurn varðandi fataherbergi á Dropanum, mikill hiti og dautt loft. Engin loftræsting og ekki hægt að opna út. Hægt að setja upp kæliloftræstingataeki sem er ekki mikil framkvæmd.
 - l. Aðalhlið í Skýjaborg. Þörf á að vera stærra. Minna foreldra á að loka alltaf hliðinu og mikilvægi þess að börnin opni ekki hliðið.
 - m. Gangbrautir í Melahverfi, mikil þörf.
7. Önnur mál. Engin önnur mál.